373. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn mánudaginn 9. nóvember 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 10:00.

Mættir:

Júníana Björg Óttarsdóttir
Eiríkur Böðvar Rúnarsson
Auður Kjartansdóttir í fjarveru JBJ
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

1) **Íþróttahús Snæfellsbæjar og íþróttaaðstaðan.**
Margrét Sif Sævarsdóttir, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi, mætti á fundinn og var hún boðin velkomin. Byrjaði hún á að fara yfir stöðuna varðandi speglasalinn í íþróttahúsinu og þær hugmyndir sem hafa komið upp varðandi nýtingu á honum. Voru allir sammála því að hafa þennan sal lausan fyrir tilfallandi leigu, en ekki í fastri leigu. Hitt málið á dagskrá var fyrirhuguð leiga á fótboltavellinum í Ólafsvík. Var bæjarráð sammála því að fela bæjarstjóra og íþrótta- og æskulýðsfulltrúa að gera gjaldskrá um völlinn og skoða þær fyrirspurnir sem komnar eru um völlinn þannig að þær passi inn í opnunartíma íþróttahússins og vallarins.
Var Margréti Sif nú þökkuð koman og vék hún af fundi.

2) **Bréf frá Ungmennafélagi Grundarfjarðar, dags. 16. október 2026, varðandi leigu á fótboltavelli í Ólafsvík.**
Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og bendir ungmennafélaginu á að hafa samband við íþrótta- og æskulýðsfulltrúa Snæfellsbæjar um skipulag og opnunartíma vallarins.

3) **Bréf frá Aflamarki skipasölu, dags. 14. október 2026, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að bátnum Hjördísi, AK-036, skipaskr.nr. 1831.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að falla frá forkaupsrétti að bátnum Hjördísi, AK-036, skipaskr.nr. 1831.

4) **Bréf frá golfklúbbunum á Snæfellsnesi, dags. 14. október 2026, varðandi samstarf við sveitarfélögin um markaðssetningu á golfvöllum Snæfellsness.**
Bæjarráð fagnar hugmyndinni og tekur jákvætt í erindið. Bæjarráð samþykkti að fela bæjarstjóra að kanna möguleika á aðkomu að verkefninu með markaðs- og kynningarfulltrúa sveitarfélagsins.

5) **Bréf frá forstöðumanni Smiðjunnar, ódags., varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Afdrepi vegna námskeiðs.**
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða.

6) **Bréf frá Hollvinasamtökum Pakkhússins, dags. 4. nóvember 2026, varðandi styrk sem samtökin sóttu um til uppbyggingarsjóðs.**
Bæjarráð samþykkti að vísa erindinu til umfjöllunar við fjárhagsáætlun 2027.

7) **Bréf frá forstöðumanni Jaðars, dags. 22. október 2026, varðandi ósk um aukafjárveitingu.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita aukafjárveitingu allt að upphæð kr. 12.000.000.- vegna launa og tekna á árinu 2026, og jafnframt að veita aukafjárveitingu að upphæð kr. 12.000.000.- vegna framkvæmda á árinu 2026 sem munu væntanlega skila sér í hærri tekjum á næstu árum.

8) **Umsókn frá Nataliu Okragla, dags. 21. október 2026, um að fá að halda köttinn Aslan.**
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.

9) **Umsókn frá Heiðrúnu Huldu Hallgrímsdóttur, dags. 29. september 2026, um að fá að halda hundinn París.**
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.

10) **Bréf frá Vegagerðinni, dags. 30. september 2026, varðandi tilkynningu um fyrirhugaða niðurfellingu Traðarvegar (5742-03) af vegaskrá.**
Lagt fram til kynningar.

11) **Bréf frá Kennarasambandi Íslands, dags. 8. október 2026, varðandi samfélagslegt samtal um framtíð íslensks skólastarfs.**
Lagt fram til kynningar.

12) **Bréf frá Almannavörnum og Ríkislögreglustjóra varðandi bæklinginn „Verum viðbúin".**
Lagt fram til kynningar.

13) **Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, dags. 28. október 2026, varðandi ágóðahlutagreiðslu 2026.**
Lagt fram til kynningar.

14) **Minnispunktar bæjarstjóra.**
a) Bæjarstjóri fór yfir fjárhagsmál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:44

Júníana Björg Óttarsdóttir

Eiríkur Böðvar Rúnarsson

Auður Kjartansdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari